


FYRSTA ÖLVUNIN

FYRSTA ÖLVUNIN

*Umhverfi og félagslegt samhengi fyrstu ölvunarinnar
meðal 15-19 ára skólanema á Íslandi*



RANNSÓKNIR OG GREINING
við Háskólann í Reykjavík

FYRSTA ÖLVUNIN

FYRSTA ÖLVUNIN

Höfundar:
Álfgeir Logi Kristjánsson
Jón Sigfússon
Inga Dóra Sigfúsdóttir
Hrefna Pálsdóttir

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsóknna & greiningar.

© 2011 Rannsóknir & greining ehf

FYRSTA ÖLVUNIN

**Skýrslan er unnin úr gögnum
Ungt fólk 2010 - Framhaldsskólar.**

Úrvinnslan var sérstaklega styrkt af

**Forvarnasjóði
og
Vínbúðinni / ÁTVR**

FYRSTA ÖLVUNIN

FYRSTA ÖLVUNIN

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	7
Yfirlit yfir myndir	8
Inngangsorð	10
Aðferð og gögn	13
Þátttakendur	13
Mælitæki	14
Framkvæmd og úrvinnsla gagna	16
Niðurstöður	17
Tíðni ölvunardrykkju	17
Túlkun niðurstaðna á myndum 1 og 2	18
Tímabil fyrstu ölvunarinnar	19
Túlkun niðurstaðna á myndum 3 til 6	21
Aðstæður fyrstu ölvunarinnar	22
Túlkun niðurstaðna á myndum 7 til 10	24
Félagslegt samhengi fyrstu ölvunarinnar	25
Túlkun niðurstaðna á myndum 11 og 12	26
Aðgengi að áfengi við fyrstu ölvunina	27
Túlkun niðurstaðna á myndum 13 til 19	30
Félagsskapur við fyrstu ölvunina	32
Túlkun niðurstaðna á myndum 20 til 27	36
Heimildaskrá	37

FYRSTA ÖLVUNIN

Yfirlit yfir myndir

- Mynd 1.** Tíðni unglunga í fæðingarágöngum 1988, 1991, og 1994 sem höfðu orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina í 10. bekk í febrúar/mars og 1. ári í framhaldsskóla í október/nóvember árin 2004, 2007 og 2010. 17
- Mynd 2.** Hlutfallsleg hækkun á tíðni fæðingaráganga 1988, 1991 og 1994 sem verða ölvaðir á milli 10. bekkjar og framhaldsskóla, árin 2004, 2007 og 2010. 17
- Mynd 3.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa aldrei orðið ölvaðir um ævina. 19
- Mynd 4.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem segjast hafa orðið ölvaðir í fyrsta skipti „á meðan ég var í grunnskóla“ 19
- Mynd 5.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem segjast hafa orðið ölvaðir í fyrsta skipti „um sumarið á milli grunn- og framhaldsskóla“ 20
- Mynd 6.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem segjast hafa orðið ölvaðir í fyrsta skipti „eftir að ég byrjaði í framhaldsskóla“ 20
- Mynd 7.** Hlutfall 16 ára framhaldsskólanema (árgangur 1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segja það hafa gerst við tilteknar aðstæður..... 22
- Mynd 8.** Hlutfall 17 ára framhaldsskólanema (árgangur 1993) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segja það hafa gerst við tilteknar aðstæður..... 22
- Mynd 9.** Hlutfall 18 ára framhaldsskólanema (árgangur 1992) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segja það hafa gerst við tilteknar aðstæður..... 23
- Mynd 10.** Hlutfall 19 ára framhaldsskólanema (árgangur 1991) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segja það hafa gerst við tilteknar aðstæður..... 23
- Mynd 11.** Svör 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir við fullyrðingunni: „Þegar ég varð ölvaður/ölvuð í fyrsta skipti var ég búin(n) að ákveða það fyrirfram“ 25
- Mynd 12.** Svör 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir við fullyrðingunni: „Þegar ég varð ölvaður/ölvuð í fyrsta skipti var ég undir þrýstingi frá félögunum“ 25
- Mynd 13.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segjast hafa „keypt áfengi í vínbúð“ þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti. 27
- Mynd 14.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segjast hafa „keypt áfengi hjá áfengissala/bjórssala“ þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti. 27

FYRSTA ÖLVUNIN

- Mynd 15.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa fengið áfengi „hjá vinum sínum“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti. 28
- Mynd 16.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa fengið áfengi „hjá foreldrum sínum“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti. 28
- Mynd 17.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa fengið áfengi „hjá foreldrum kunningja sinna“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti. 29
- Mynd 18.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjast hafa fengið áfengi „hjá systkinum eða öðrum skyldmönnum“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti. 29
- Mynd 19.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa fengið áfengi „annars staðar“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti. 30
- Mynd 20.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa verið „ein(n)“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti. 32
- Mynd 21.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa verið „með vinnufélögum“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti. 32
- Mynd 22.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa verið „með vinum úr skólanum mínum“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti. 33
- Mynd 23.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa verið „með vinum sem eru ekki í sama skóla og ég“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti. 33
- Mynd 24.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa verið „með fólki sem ég þekkti ekki vel“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti. 34
- Mynd 25.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa verið „með foreldrum mínum og vinum mínum“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti. 34
- Mynd 26.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa verið „vinum mínum og foreldrum þeirra“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti. 35
- Mynd 27.** Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa verið „með öðrum“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti. 35

FYRSTA ÖLVUNIN

Inngangsorð

Á síðustu 15 árum hefur öflugt forvarnarstarf verið rekið meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi. Árangurinn hefur verið mjög mikill, jafnvel svo að eftir hefur verið tekið víða erlendis, og hefur Ísland skipað sér í ákveðið forsæti þegar kemur að árangri forvarna meðal unglunga á þessu aldursbili¹. Þessi góði árangur hefur komið til vegna þeirrar samstöðu sem tókst að skapa meðal flestra þeirra sem komið hafa að umönnun og uppeldi barna og unglunga undanfarin ár. Fjöldi rannsókna á málefnum barna og unglunga á mið- og efsta stigi grunnskóla sem hér hafa verið gerðar undanfarinn rúman áratug gefa raunsanna mynd af stöðu þessara mála. Þær sýna að umskipti hafa orðið í umhverfi unglunga á þessum tíma; unglingar verja nú meiri tíma en áður í skipulagt tímstundastarf, verja meiri tíma með foreldrum sínum og foreldrar eru nú virkari þátttakendur í lífi barna sinna en þeir voru áður. Síðast en ekki síst hefur afstaða fólks til vímuefnaneyslu unglunga breyst á þessum tíma og sýnt okkur að unnt er að ná árangri í forvarnarstarfi ef rétt er á spilum haldið og sem flestir láti sig málið varða. Starfið hefur þó á þessum tíma, einkum og aðallega beinst að nemendum í efstu bekkjum grunnskóla. Vímuefnaforvarnir meðal eldri ungmenna hafa hlotið minni athygli og afstaða fólks til vímuefnaneyslu þeirra, eftir að í framhaldsskóla kemur, hefur ekki verið eins afgerandi og meðal þeirra sem yngri eru. Á þessu er þó að verða breyting og foreldrar, skólastjórnendur, kennarar, forvarnafulltrúar framhaldsskólanna, foreldraráð og aðrir sem starfa með og fyrir unglunga 16 ára og eldri, láta æ oftast látið í sér heyra um að unglingadrykkju meðal þessa aldurshóps eigi ekki að láta óáreiða og að efla beri forvarnastarf meðal þessa aldurshóps. Þeir hafa að sama skapi lýst yfir áhyggjum af því að margir unglingar virðist byrja að neyta áfengis sumarið eftir 10. bekk; þá sé eins og foreldrar minnki oft eftirlit og tíma með börnum sínum, slaki á kröfum og margir foreldrar verði óöruggir með hve mikið eftirlit sé „eðlilegt“ að hafa með unglungum eftir að grunnskóla lýkur.

Til þess að átta okkur betur á stöðunni í þessum aldurshópi er mikilvægt að skoða vandlega hvað gerist á þessum tíma. Hvað gerist sumarið eftir grunnskóla? Er það rétt að þá hefji stór hluti unglunga neyslu áfengis? Við hvaða aðstæður byrja unglingar að drekka á þessum aldri? Þessum og fleiri spurningum er mikilvægt að svara svo við getum betur áttað okkur á þörfinni fyrir forvarnarstarf eftir að grunnskóla lýkur og hvernig starfinu sé

¹ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2008; 2009; 2010. Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2010.

FYRSTA ÖLVUNIN

best háttáð. Rannsóknir undanfarinna ára hafa gert okkur kleift að meta breytingar á neyslumynstri og félagslegum þáttum í lífi grunnskólanema á milli ára². Minni áhersla hefur verið lögð á að rannsaka með reglubundnum hætti hagi, líðan og félagslegt umhverfi nemenda í framhaldsskólum. Helstu rannsóknir á þeim vettvangi hafa verið unnar af Rannsóknum og greiningu með stuðningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Rannsóknirnar bera heitið Ungt fólk – Framhaldsskólar og hafa verið gerðar árin 2000, 2004, 2007 og nú árið 2010. Samkvæmt samningi milli Rannsókna og greiningar við Háskólann í Reykjavík og mennta- og menningarmálaráðuneytisins verða rannsóknir unnar aftur meðal framhaldsskólanemaárin 2013 og 2016 og geta þannig varpað ljósi á fjölmarga þætti í lífi nemenda yfir tíma.

Í skýrslu Rannsókna og greiningar um vímuefnanotkun meðal framhaldsskólanema frá 2008³ kom fram að tíðni reykinga hafði heldur lækkað en áfengisneysla framhaldsskólanema stóð nokkurn veginn í stað á milli árána 2000 og 2007. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að áfengisnotkun væri eins konar fasti meðal framhaldsskólanema hér á landi. Enn fremur sýndu niðurstöðurnar frá 2007 (og reyndar einnig árið 2004) að tíðni áfengisnotkunar í formi ölvunardrykkju hefði aukist mjög á tímabilinu frá lokum grunnskóla og fram á fyrstu mánuði framhaldsskóla. Sér í lagi kom fram mikil aukning í ölvunardrykkju sl.30 daga³.

Megin markmiðin með útafu þessarar skýrslu er þrjú:

1. Að kortleggja þá breytingu sem verður á tíðni ölvunardrykkju unglinga frá síðari hluta 10. bekkjar og fram til upphafs 1. árs í framhaldsskóla.
2. Að skoða aukningu á tíðni ölvunardrykkju eftir árgöngum innan framhaldsskólans.
3. Að skoða ofan í kjölin þá þætti sem tengjast ölvunardrykkju meðal framhaldsskólanema.

² Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006; Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl. 2009

³ Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2008.

FYRSTA ÖLVUNIN

Á síðum þessarar skýrslu gefur að líta niðurstöður rannsóknar á fyrstu ölvuninni sem unnin var af Rannsóknnum & greiningu í nóvember 2010 meðal framhaldsskólanema á Íslandi. Leitað var til Á.T.V.R og Forvarnasjóðs Lýðheilsustöðvar með stuðning við úrvinnslu rannsóknarinnar og var okkur vel tekið á báðum stöðum. Bæði Á.T.V.R og Lýðheilsustöð styrku rannsóknina sem hér er kynnt. Þökkum við Rafni M. Jónssyni hjá Lýðheilsustöð sérstaklega fyrir góða aðstoð í tengslum við þessa rannsókn.

FYRSTA ÖLVUNIN

Aðferð og gögn

Rannsóknir Rannsókna & greiningar eru þýðisrannsóknir en í því felst að þær eru ekki byggðar á hefðbundnum úrtökum heldur er reynt að ná til sem flestra í úrtaksrammanum innan þýðisins. Þetta er gert með því að leggja spurningalista fyrir alla nemendur sem mættir eru til skóla á tilteknum degi með það að leiðarljósi lágmarka öryggismörk niðurstaðna og hámarka greiningarmöguleika gagna.

Þátttakendur

Niðurstöður þessarar skýrslu eru byggðar á könnunum sem Rannsóknir & greining lagði fyrir nemendur í framhaldsskólum á Íslandi í nóvember árið 2010 í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þátttakendur voru þeir dagsskólanemendur framhaldsskólanna sem mættir voru í kennslustundir á þeim tíma sem könnunin var lögð fyrir. Spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum á Íslandi.⁴ Upplýsingar um hámarksfjölda nemenda sem mögulega gætu tekið þátt í rannsókninni á fyriragnardegum voru fengnar frá hverjum skóla fyrir sig. Árið 2010 fengust gild svör frá 11388 nemendum af þýðinu og var svarhlutfall 70,5%.

Í skýrslunni er einnig að finna samanburð á tíðni ölvunardrykkju meðal fyrsta árs nema framhaldsskólanna árin 2004 og 2007. Árið 2004 fór gagnaöflun fram í októbermánuði og fengust gild svör frá 11031 nemendum af þýðinu og var svarhlutfall 80,9%. Árið 2007 var gögnunum einnig safnað í október og fengust gild svör frá 11229 nemendum af þýðinu og var svarhlutfallið 72,2%. Ennfremur kemur fram í skýrslunni greining á breytingum á hlutfalli ölvunardrykkju um ævina á milli 10. bekkjar og 1. árs í framhaldsskóla fyrir árin 2004, 2007 og 2010.

Rannsóknir & greining hefur um langt árabil unnið rannsóknir meðal grunnskólanema í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og hafa niðurstöður þeirra rannsókna verið grundvöllur forvarnastarfs víða um land og leiðarvísir fyrir þá sem starfa að málefnum barna og ungmenna. Í marsmánuði árið 2004 var gerð könnun meðal grunnskólanema og svöruðu 3805 nemendur í 10. bekk henni. Svarhlutfall

⁴ Þar sem í könnuninni er lögð áhersla á að kanna hagi ungmenna á framhaldsskólaaldri voru nemendur í kvöldnámi eða fjarnámi undanskildir.

FYRSTA ÖLVUNIN

var 82,5% það árið. Árið 2007 var sambærileg fyrirlögn í febrúarmánuði og svöruðu 3670 nemendur í 10. bekk könnuninni og var svarhlutfallið 81,7%. Árið 2010 var einnig lagt fyrir í febrúarmánuði og svöruðu 3801 nemendur í 10. bekk könnuninni og svarhlutfallið var 84,3% á landsvísu.

Mælitæki

Mælitæki þessara kannana eru ítarlegir spurningalistar sem hafa verið þróaðir ár frá ári, fyrst af starfsfólki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála en á síðari árum af Rannsóknnum & greiningu við Háskólann í Reykjavík. Spurningarnar eru mótaðar af fagfólki í félags- og heilbrigðisvísindum þar sem farið er eftir ströngum kröfum um áreiðanleika og réttmæti. Spurningalistinn í framhaldsskólunum árið 2010 inniheldur 110 spurningar í mismunandi mörgum liðum á 36 blaðsíðum en listarnir árin 2007 og 2004 voru heldur lengri⁵. Margskonar innlendir og alþjóðlegir mælikvarðar eru notaðir í spurningalistunum. Yfirlit yfir spurningalista Rannsókna & greiningar og umfjöllun um þá má fá hjá forsvarsmönnum rannsóknarinnar sem og í útgefnu efni höfunda⁶.

Mælitæki þessarar skýrslu er spurningaknippi sem varðar fyrstu ölvunina í lífi svarenda. Niðurstöður eftirfarandi spurninga í spurningalistanum eru birtar í skýrslunni:

1. Spurning: Hvenær varst þú ölvuð/ölvaður í fyrsta skipti?

Svarkostir:

- 1) Ég hef aldrei orðið ölvuður/ölvuð,
- 2) Á meðan ég var í grunnskóla,
- 3) Um sumarið á milli grunn- og framhaldsskóla,
- 4) Eftir að ég byrjaði í framhaldsskóla.

⁵ Spurninglistinn var styttr árið 2010 miðað við 2004 og 2007 vegna beiðni frá forsvarsmönnum framhaldsskóla þar að lútandi.

⁶ Sjá t.d. Álfgeir Logi Kristjánsson 2008; Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. (í prentun); Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2008; 2009; 2010.

FYRSTA ÖLVUNIN

2. Spurning: Hvar eða við hvaða aðstæður varstu þegar þú varst ölvaður/ölvuð í fyrsta skipti?

Svarkostir:

- 1) Ég hef aldrei orðið ölvaður/ölvuð,
- 2) Á útihátíð (t.d. um Verslunarmannahelgi),
- 3) Í útilegu eða sumarbústað,
- 4) Á bæjarhátíð/borgarhátíð,
- 5) Í skemmtun eða partýi þegar ég var í grunnskóla,
- 6) Í partýi fyrir framhaldsskólaball,
- 7) Á fyrsta framhaldsskólaballinu,
- 8) Á skemmtun á hátíðisdegi (t.d. á 17.júní) og
- 9) Erlendis.

3. Spurning: Hér er um að ræða fullyrðingar sem svarað er miðað við liði 1 – 5.

- A) Þegar ég varð ölvaður/ölvuð í fyrsta skipti var ég búin(n) að ákveða það fyrirfram.
- B) Þegar ég varð ölvaður/ölvuð í fyrsta skipti var ég undir þrýstingi frá félögunum.

Svarkostir:

- 1) Mjög sammála,
- 2) Frekar sammála,
- 3) Veit ekki,
- 4) Frekar ósammála,
- 5) Mjög ósammála.

4. Spurning: Hvar fékkstu áfengi þegar þú varðst ölvaður/ölvuð í fyrsta skipti?

Svarkostir:

- 1) Hef ekki orðið ölvaður/ölvuð,
- 2) Keypti það í vínbúð,
- 3) Keypti það hjá áfengissala/bjórsala,
- 4) Hjá vinum mínum,

FYRSTA ÖLVUNIN

- 5) Hjá foreldrum mínum,
- 6) Hjá foreldrum kunningja minna,
- 7) Hjá systkinum eða öðrum skyldmendum,
- 8) Annars staðar.

5. Spurning: Með hverjum varst þú þegar þú varðst ölvaður/ölvuð í fyrsta skipti?

Svarkostir:

- 1) Ég hef aldrei orðið ölvuð/ölvaður,
- 2) Ég var ein(n),
- 3) Ég var með vinnufélögum,
- 4) Ég var með vinum úr skólanum mínum,
- 5) Ég var með vinum sem eru ekki í sama skóla og ég,
- 6) Ég var með fólki sem ég þekkti ekki vel,
- 7) Ég var með foreldrum mínum og vinum mínum,
- 8) Ég var með vinum mínum og foreldrum þeirra,
- 9) Ég var með öðrum en nefndir eru hér að ofan.

Framkvæmd og úrvinnsla gagna


Framkvæmd allra kannananna var þannig háttað að spurningalistar voru sendir til allra skóla landsins þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir og gerðu svo eftir ákveðnum fyrirmælum. Nafnleyndar þátttakenda var gætt með því að ítreka það fyrir nemendum að hvorki bæri að rita nafn né kennitölu á svarblöðin svo útilokað væri að rekja svörin til þeirra. Einnig voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og að biðja um hjálp ef þörf var á. Í þessari skýrslu er fyrst og fremst unnið með tíðnitölur sem eru kynntar með súluritum á myndum með hlutföllum og krosskeyrslum breyta. Spurningunum er ætlað að mæla þá þætti sem tengjast fyrstu ölvuninni í lífi þátttakenda og fjalla því eðli málsins samkvæmt um tiltekið tímabil í lífi þeirra. Niðurstöður skýrslunnar eru settar fram eftir aldurshópum og fæðingarárum.

FYRSTA ÖLVUNIN


Niðurstöður

Tíðni ölvunardrykkju

Breyting á tíðni ölvunardrykkju um ævina innan árganga milli grunn- og framhaldsskóla



Mynd 1. Tíðni unglunga í fæðingarágöngum 1988, 1991, og 1994 sem höfðu orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina í 10. bekk í febrúar/mars og 1. ári í framhaldsskóla í október/nóvember árin 2004, 2007 og 2010.



Mynd 2. Hlutfallsleg hækkun á tíðni fæðingaráganga 1988, 1991 og 1994 sem verða ölvaðir á milli 10. bekkjar og framhaldsskóla, árin 2004, 2007 og 2010.

FYRSTA ÖLVUNIN

Túlkun niðurstaðna á myndum 1 og 2


Samkvæmt tölum frá Hagstofunni þá hefja um og yfir 95% þeirra sem ljúka námi í 10. bekk nám í framhaldsskóla haustið eftir. Sökum þessa má gera ráð fyrir, með hæfilegum fyrirvara, að breytingar á tíðni atburða í 10. bekk, s.s. ölvunardrykkju, í febrúar/mars og fram á fyrsta ár í framhaldsskóla í október/nóvember, endurspegli breytingu á tíðni þeirra í þýðinu öllu.

Á mynd 1 kemur fram sú breyting sem verður á hlutfalli nemenda í 10. bekk og 1. árs nema í framhaldsskólum landsins sem segjast hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar um ævina. Eins og sjá má er ætíð um aukningu að ræða á milli þessara tveggja tímapakta, hvort sem breyting er metin fyrir árgang 1988 árið 2004, árgang 1991 árið 2007 eða árgang 1994 árið 2010. Hins vegar kemur einnig fram að tíðni ölvunardrykkju hefur lækkað yfir tímabilið frá 2004 til 2010 og á það bæði við um nemendur 10. bekkjar og 1. árs nema í framhaldsskóla. Mynd 2 sýnir einnig að þessi lækkun hefur ekki verið jafn mikil meðal nemenda á 1. ári í í framhaldsskóla og í 10. bekk grunnskóla. Með öðrum orðum, hlutfallsleg breyting innan fæðingaráranga á tíðni þeirra sem verða ölvaðir á milli grunn- og framhaldsskóla hefur aukist yfir tíma. Þannig er aukningin um 39% árið 2004 en um 58% árið 2010. Niðurstöðurnar sýna svo ekki verður um villst að sú mikla forvarnarvinna sem unnin hefur verið meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla þarf einnig að fara fram meðal nemenda í framhaldsskólum landsins.


FYRSTA ÖLVUNIN

Tímabil fyrstu ölvunarinnar

Hvenær verða ungmenni ölvuð í fyrsta skipti?




Mynd 3. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa aldrei orðið ölvuðir um ævina.




Mynd 4. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem segjast hafa orðið ölvuðir í fyrsta skipti „á meðan ég var í grunnskóla“.

FYRSTA ÖLVUNIN



Mynd 5. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem segjast hafa orðið ölvaðir í fyrsta skipti „um sumarið á milli grunn- og framhaldsskóla“.



Mynd 6. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem segjast hafa orðið ölvaðir í fyrsta skipti „eftir að ég byrjaði í framhaldsskóla“.

FYRSTA ÖLVUNIN

Túlkun niðurstaðna á myndum 3 til 6

Þegar niðurstöður mynda 3-6 eru túlkaðar þarf að hafa forsendur þeirra í huga. Fyrst ber að hafa í huga að spurt um atburði sem gerast yfir tímabilið frá grunnskóla og fram á daginn í dag. Í öðru lagi er tímabilið sem spurt er um mislangt í lífi þátttakenda. Það er, allir þátttakendur hafa lokið grunnskóla og sumrinu á milli grunn- og framhaldsskóla er einnig lokið í lífi þeirra allra. Hins vegar hafa þátttakendur verið mislengi í framhaldsskóla. Af þessum sökum er best að túlka myndir 3 og 6 saman og myndir 4 og 5 saman.


Á mynd 3 kemur fram að rúmlega helmingur nemenda sem nýlega hafa hafið nám í framhaldsskólum haustið 2010 (árgangur 1994) hafa aldrei orðið ölvaðir um ævina. Þetta hlutfall er mun lægra meðal þeirra sem eru ári eldri (árgangur 1993) og lækkar enn eftir því sem þátttakendur eldast. Niðurstaðan felur því í sér að tíðni ölvunardrykkju þátttakenda eykst ekki aðeins á milli loka grunn- og framhaldsskóla eins og kom fram á myndum 1-2 heldur eykst hún einnig mikið á milli ára innan framhaldsskólans. Sér í lagi er um mikla aukningu að ræða á milli fyrsta og annars árs nemenda í framhaldsskólum sem aftur bendir til að áfengisneysla ólögráða ungmenna innan framhaldsskóla sé almenn. Þessi aukning kristallast einnig í niðurstöðum myndar 6 þar sem sjá má hlutfall 16 til 19 ára framhaldsskólanema haustið 2010 sem segjast hafa orðið ölvuð í fyrsta skipti eftir að þeir hófu nám í framhaldsskóla. Aukningin er sérstaklega áberandi á milli 1. og 2. árs nema.

Á myndum 4 og 5 kemur jafnframt fram að breytingin á hlutfalli þátttakenda sem segjast hafa orðið ölvaðir í fyrsta skipti um ævina á meðan þeir voru í grunnskóla eða um sumarið á milli grunn- og framhaldsskóla hefur lítið breyst á milli árganga. Mjög litlar breytingar verða á hlutfalli þátttakenda sem svara því til að þeir hafi orðið ölvaðir í fyrsta sinn um ævina á meðan þeir voru í grunnskóla eða um sumarið á milli grunn- og framhaldsskóla. Þetta er svo þrátt fyrir að mislangt sé frá þeim tíma sem þessir atburðir áttu sér stað í lífi þátttakenda.


FYRSTA ÖLVUNIN

Aðstæður fyrstu ölvunarinnar

ATH: Allar myndir hér eftir eru aðeins unnar fyrir þá sem hafa orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina




Mynd 7. Hlutfall 16 ára framhaldsskólanema (árgangur 1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segja það hafa gerst við tiltekna aðstæður.




Mynd 8. Hlutfall 17 ára framhaldsskólanema (árgangur 1993) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segja það hafa gerst við tiltekna aðstæður.

FYRSTA ÖLVUNIN



Mynd 9. Hlutfall 18 ára framhaldsskólanema (árgangur 1992) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segja það hafa gerst við tiltekna aðstæður.



Mynd 10. Hlutfall 19 ára framhaldsskólanema (árgangur 1991) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segja það hafa gerst við tiltekna aðstæður.

FYRSTA ÖLVUNIN

Túlkun niðurstaðna á myndum 7 til 10

Eftir að hafa greint frá breytingum á tíðni ölvunardrykkju unglinga á milli grunn- og framhaldsskóla á myndum 1-6 og skoðað hlutfall ölvunardrykkju meðal framhaldsskólanna munum við hér eftir leggja áherslu á að greina þá þætti sem tengjast ölvunardrykkju.


Í ljósi þessa er mikilvægt að hafa þrennt í huga. 1) Að hér eftir verða aðeins sýndar niðurstöður fyrir þá sem hafa orðið ölvaðir innan hvers árgangs. 2) Að hlutfall ölvunardrykkju er ólíkt á milli aldursárganga sem þýðir að ekki er hægt að bera saman tiltekin hlutföll á milli árganga nema að taka tillit til þess. 3) Að spurningarnar eru háðar tíma sem þýðir að ekki er hægt að bera saman tiltekin hlutföll á milli árganga nema taka tillit til þess.

Á myndum 7-10 getur að líta svör þátttakenda innan árganga haustið 2010 sem segjast hafa orðið ölvaðir í fyrsta skipti við tilteknar aðstæður. Mikilvægt er að hafa í huga að hlutföll samskonar svarkosta eru ekki samanburðarhæf á milli árganga þar sem þau breytast í takt við hækkandi aldur og tíma innan framhaldsskólans. Á mynd 7 kemur fram að flestir þeirra sem hafa orðið ölvaðir í árgangi 1994 (16 ára) segja það hafa gerst í fyrsta sinn í skemmtun eða partyi þegar þeir voru í grunnskóla. Þetta kemur ekki á óvart þar sem þessir þátttakendur hafa eytt bróðurparti undanfarinna ára í grunnskóla og félagslíf þeirra tengist honum óhjákvæmilega. Um 18% þessa hóps segjast hafa orðið ölvuð í fyrsta sinn í partyi fyrir framhaldsskólaball. Ekki er víst að svörin vísi til fyrsta framhaldsskólaballsins né að ballið hafi farið fram á vegum skólans sem þeir sækja. Rúmlega 17% segjast hafa orðið ölvaðir í fyrsta sinn á útihátíð en aðrir flokkar eru fámennari. Niðurstöðurnar á mynd 8 sýna að hlutfall þeirra sem nefna party fyrir framhaldsskólaball er nú töluvert hærra en á mynd 7. Þessi munur helst í hendur við þá staðreynd að þessi hópur (árgangur 1993) hefur verið ári lengur í framhaldsskóla en árgangur 1994 og að mun fleiri hafa yfir höfuð orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina eins og fram kemur á mynd 3. Svipuð mynstur á milli flokka er að finna á myndum 9 og 10.


FYRSTA ÖLVUNIN

Félagslegt samhengi fyrstu ölvunarinnar

Er upplifun framhaldsskólanema af fyrstu ölvuninni að það hafi verið persónuleg ákvörðun eða eru áhrif jafningjaprýstingings mikilvægari?



Mynd 11. Svör 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir við fullyrðingunni: „Þegar ég varð ölvaður/ölvuð í fyrsta skipti var ég búin(n) að ákveða það fyrirfram“.



Mynd 12. Svör 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir við fullyrðingunni: „Þegar ég varð ölvaður/ölvuð í fyrsta skipti var ég undir þrýstingi frá félögum“.

FYRSTA ÖLVUNIN

Túlkun niðurstaðna á myndum 11 og 12

Á myndum 11 og 12 skoðum við persónubundna upplifun framhaldsskólanema af fyrstu ölvuninni. Hvort þeir hafi verið búnir að ákveða fyrirfram að þeir ætluðu sér að verða ölvaðir þegar þeir urðu það í fyrsta sinn og hvort þeir telji að þeir hafi verið undir þrýstingi frá jafningjum þegar fyrsta ölvunin átti sér stað.


Athyglisvert er hve niðurstöðurnar eru líkar á milli árganga þrátt fyrir að hlutfall þeirra sem hafa orðið ölvaðir sé ólíkt á milli þeirra. Þannig segist mikill meirihluti þátttakenda innan allra árganga að þeir séu mjög eða frekar sammála því að þeir hafi verið búnir að ákveða það fyrirfram þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta sinn. Helst kemur fram munur á milli 16 og ára þátttakenda og annarra. Munurinn þarf þó ekki að koma á óvart þar sem sjálfstæði ungmenna eykst alla jafna með aldri á þessum árum. Í þessu ljósi kemur fram að rúm 23% þeirra sem hafa orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina í árgangi 1994 (16 ára) segjast mjög eða frekar ósammála því að þeir hafi verið búnir að ákveða það fyrirfram þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta sinn. Þetta hlutfall er lægra meðal annarra þátttökuárganga í rannsókninni sem helst í hendur við hækkandi hlutfall þeirra sem hafa yfir höfuð orðið ölvaðir innan árganganna og eru þá líklegri til að hafa tekið sjálfstæða ákvörðun þar að lútandi.

Þegar hins vegar er spurt um fyrstu ölvunina og hópþrýsting, eins og sjá má á mynd 12, eru svör innan árganga nánast eins án tillits til þess að misjafnlega margir hlutfallslega hafa orðið ölvaðir innan árganganna fjögurra. Um þrír af hverjum fjórum innan hvers árgangs segjast mjög eða frekar ósammála því að þeir hafi verið undir þrýstingi frá félögum þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta sinn en 13-16% segjast sammála þeirri fullyrðingu, þvert á aldurshópnum fjóra. Þessi jafna dreifing svara á milli hópanna bendir til að aldur skipti ekki máli í þessum efnum þegar fyrsta ölvunin er annars vegar. Eða með öðrum orðum; svör þátttakenda dreifast jafnt á milli svarkosta þrátt fyrir að þeim sem hafa orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina fjölgi hlutfallslega milli árganga.


FYRSTA ÖLVUNIN

Aðgengi að áfengi við fyrstu ölvunina

Hvernig hafa framhaldsskólanemar orðið sér úti um áfengi við fyrstu ölvunina?




Mynd 13. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segjasta hafa „keypt áfengi í vínbúð“ þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti.




Mynd 14. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segjasta hafa „keypt áfengi hjá áfengissala/bjórsala“ þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti.

FYRSTA ÖLVUNIN




Mynd 15. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segjasta hafa fengið áfengi „hjá vinum sínum“ þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti.




Mynd 16. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segjasta hafa fengið áfengi „hjá foreldrum sínum“ þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti.

FYRSTA ÖLVUNIN




Mynd 17. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segjasta hafa fengið áfengi „hjá foreldrum kunningja sinna“ þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti.



Mynd 18. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segjast hafa fengið áfengi „hjá systkinum eða öðrum skyldmönnum“ þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti.

FYRSTA ÖLVUNIN



Mynd 19. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segjasta hafa fengið áfengi „annars staðar“ þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti.

Túlkun niðurstaðna á myndum 13 til 19

Á myndum 13-19 má sjá svör við spurningum um aðgengi að áfengi við fyrstu ölvunina innan þátttökuárganga í rannsókninni. Enn og aftur ber að hafa í huga að hlutfall þeirra sem hafa orðið ölvaðir er ólíkt á milli árganga eins og fram kemur á mynd 3.

Mynd 13 sýnir að hlutfall þeirra sem segjast sjálfir hafa keypt áfengi í vínbúð þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti er mjög svipað á milli árganga, á milli 7 og 8%. Niðurstöðurnar benda til að aldur sé ekki ástæða þess að þátttakendur kjósi að kaupa áfengi í vínbúð þegar þeir verða ölvaðir í fyrsta sinn.

Á mynd 14 má sjá að hlutfall þeirra sem segjast hafa keypt áfengi hjá áfengis- eða bjórsala þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta sinn fer lækkandi með hækkandi aldri. Þetta kemur ekki á óvart þar sem kaup á áfengi með ólöglegum leiðum er eðlilega hæst meðal yngsta hópsins sem á eflaust erfiðara með að verða sér úti um það en þeir sem eldri eru. Með öðrum orðum; eftir því sem tíðni ölvunardrykkju um ævina hækkar innan árganga verður ólíklegra að ólöglegum leiðum sé beitt til að verða sér úti um áfengi.

Á mynd 15 kemur fram að hlutfallslega flestir innan hvers árgangs segjast hafa fengið áfengi hjá vinum sínum þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti ef niðurstöður eru bornar saman innan árganga á milli mynda 13-19. Frá 47% og upp í rúmlega 51%

FYRSTA ÖLVUNIN

Þátttakenda innan hvers árgangs sem segjast hafa orðið ölvaðir um ævina svara því til að hafa útvegað sér áfengi með þessum hætti þegar ölvun átti sér stað í fyrsta sinn. Niðurstaðan undastrikar áhrif og mikilvægi jafningjahópsins við atburð eins og fyrstu ölvunina en bendir jafnframt til að aldur sé ekki orsök breytinga í þessum efnunum.

Mynd 16 sýnir hlutfall þeirra sem hafa fengið áfengi hjá foreldrum sínum við fyrstu ölvun. Þó að hlutfallið sé almennt lágt, frá rúmlega 5% til og með tæplega 9%, má ráða af niðurstöðunum að fleiri hlutfallslega nálgast áfengi með þessum hætti við fyrstu ölvun með hækkandi aldri.


Mjög fáir segjast hafa orðið sér úti um áfengi hjá foreldrum kunningja sinna þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti eins og sjá má á mynd 17 en á mynd 18 kemur fram að hlutfall þeirra sem segjast hafa nálgast áfengi hjá systkinum eða öðrum skyldmönnum er frá 10,5% meðal 16 ára (árgangur 1994) og hækkar línulega upp í 14,8% meðal 19 ára þátttakenda (árgangur 1991). Þessi hlutfallslega hækkun helst í hendur við hærri hlutfall ölvunardrykkju með auknum aldri. Fyrirsjáanlegt er að með hækkandi aldri stækki sá hópur ungmenna sem leita til systkina eða annarra skyldmenna eftir áfengi sem og að traust hinna síðarnefndu sé meira í garð þeirra sem eldri eru.

Að síðustu kemur fram á mynd 19 að hlutfall þeirra sem segjast hafa útvegað sér áfengi annars staðar er rúmlega 13% í yngsta aldursárgangnum en á 10-11% meðal annarra. Það skal ósagt látið að bera fram getgátur um hvað „annars staðar“ stendur fyrir í þessum efnunum.


FYRSTA ÖLVUNIN

Félagsskapur við fyrstu ölvunina

Með hverjum verða unglingar ölvaðir í fyrsta sinn?




Mynd 20. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segjasta hafa verið „ein(n)“ þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti.




Mynd 21. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segjasta hafa verið „með vinnufélögum“ þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti.

FYRSTA ÖLVUNIN




Mynd 22. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segjasta hafa verið „með vinum úr skólanum mínum“ þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti.




Mynd 23. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir og segjasta hafa verið „með vinum sem eru ekki í sama skóla og ég“ þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti.

FYRSTA ÖLVUNIN




Mynd 24. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa verið „með fólki sem ég þekkti ekki vel“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti.




Mynd 25. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa verið „með foreldrum mínum og vinum mínum“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti.

FYRSTA ÖLVUNIN



Mynd 26. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa verið „vinum mínum og foreldrum þeirra“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti.



Mynd 27. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir og segjasta hafa verið „með öðrum“ þegar þeir urðu ölváðir í fyrsta skipti.

FYRSTA ÖLVUNIN

Túlkun niðurstaðna á myndum 20 til 27

Að síðustu getur að líta greiningu á félagsskap þátttakenda þegar fyrsta ölvunin átti sér stað í lífi þeirra. Á það skal minnt að hér er einungis verið að tala um hópinn sem segist hafa orðið ölvaður einhvern tíma um ævina innan hvers árgangs. Sárafáir eða nánast engir innan hvers árgangs segjast hafa verið einir þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta sinn eins og kemur fram á mynd 20. Þetta ætti ekki að koma mörgum á óvart en undirstrikar um leið að á aldursbili þátttakenda í þessari rannsókn er áfengisneysla fyrst og fremst félagslegt fyrirbæri. Á mynd 21 má sjá að það er ekki algengt meðal þátttakenda innan hvers árgangs að segjast hafa verið með vinnufélögum þegar þeir urðu ölvaðir í fyrsta skipti. Hlutföllin eru frá 2,2% til 3,3%. Ekki er hægt að ráða af svörum hvort félagsskapurinn samanstóð af vinnufélögum úr sumarvinnu eða annarri vinnu þátttakenda.

Á mynd 22 má sjá að langalgengast er að þeir sem hafa orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina svari því til að það hafi gerst í félagi við vini úr skólanum sem þeir sóttu þegar það átti sér stað. Um 60% í yngsta árgangi svara þessu til en um og yfir 70% í öðrum árgöngum. Ástæða þess að þetta hlutfall er heldur lægra í yngsta árganginum er líklega sú að hlutfall ölvunardrykkju er lægst í þeim hópi (mynd 3) og að þátttakendur innan hans hafa aðeins verið um 2 mánuði í framhaldsskóla þegar þeir svara spurningum í rannsókninni.

Á mynd 23 kemur svo fram hlutfall þeirra sem hafa orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina innan hvers árgangs og segja það hafa gerst með vinum sem voru ekki í sama skóla og þeir. Þetta hlutfall er hæst í yngsta árganginum, rúm 19% en frá 13,4-14,5% meðal hinna. Sem fyrr er líklegasta ástæðan aldur og tími. Í 16 ára hópnum (árgangur 1994) eru hlutfallslega færri sem hafa orðið ölvaðir í fyrsta skipti eftir að þeir komu í framhaldsskóla en í hinum árgöngunum (mynd 6) en hlutfall ölvunar um ævina tekur stökk á milli 1.og 2.árs í framhaldsskólanum. Fáir segja fyrstu ölvunina hafa átt sér stað í félagi með öðru fólki s.s. með fólki sem þeir þekktu ekki vel (mynd 24), með foreldrum sínum og vinum sínum (mynd 25), með vinum sínum og foreldrum þeirra (mynd 26), eða með öðrum (mynd 27). Almenn er dreifing svara á myndum 24-27 lítið eða ekki háð aldri eða tíma í framhaldsskóla.

FYRSTA ÖLVUNIN

Heimildaskrá

- Álfgeir Logi Kristjánsson (2008). *Concepts and Measures in the 2006 and 2008 Youth in Europe Survey*. Icelandic Centre for Social Research and Analysis, Reykjavík.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon (2008). *Vímuefnanotkun framhaldsskólanema á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2006). *Ungt fólk 2006, Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Þorlákur Karlsson, og Allegrante, J.P. (í prentun). The Perceived Parental Support (PPS) Scale: Validity and reliability in the 2006 Youth in Europe substance use prevention survey. *Child Indicators Research*.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, James, J.E., Allegrante, J.P., Inga Dóra Sigfúsdóttir, Ásgeir R. Helgason. (2010). Adolescent substance use, parental monitoring, and leisure time activities: 12-year outcomes of primary prevention in Iceland. *Preventive Medicine*, 51, 168-171
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Þórólfur Þórlindsson, Allegrante, J.P. (2008). Trends in prevalence in substance use among Icelandic adolescents, 1995-2006. *Substance Abuse Treatment, Prevention, and Policy*, 3:12.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, og Allegrante, J.P. (2010). A collaborative community approach to adolescent substance misuse in Iceland. *International Psychiatry*, 7(4): 86-88.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Þórólfur Þórlindsson, Álfgeir Logi Kristjánsson, Roe, K.M. og Allegrante, J.P. (2009). Substance use prevention for adolescents: The Icelandic Model. *Health Promotion International*, 24(1): 16-25.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon (2009). *Ungt fólk 2009: Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.